

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/549
komudagur 9.12.2009



Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Mál til umsagnar - 239., 256. og 257. mál

Inngangur

Í upphafi vilja stjórnendur Strætó bs. koma á framfæri óánægju með þann stutta fyrirvara og frest sem veittur er til að bregðast við umleitan þessari og koma frá sér umsögn um þessar tillögur.

Í heild sinni má þó ljóst vera að þau frumvörp til laga sem fyrir þinginu liggja um ráðstafanir í skattamálum munu hafa umtalsverð áhrif á rekstur Strætó bs. og almenningsamgöngur á höfuborgarsvæðinu. Hér eru í raun lagðar auknar álögur ríkisins á sveitarfélögin sem standa að rekstri Strætó bs.

Umsögn um frumvörp

Hér að aftan verður gerð stuttleg grein fyrir hverjum gjaldalið og áætluðum áhrifum þeirra á rekstur Strætó bs.

Þskj. 273 — 239. mál.

Olíugjald

Hækkar um 1,65 kr. (úr 51,12 í 52,77). Í heildarrekstri almenningsamgangna á vegum Strætó bs. eru notaðir um 3,5 milljónir lítra af gasolíu árlega og nemur því hækkun þessi tæpum 5,8 milljónum kr. á ári.

Það fyrirkomulag er í gangi að Strætó bs. fær endurgreitt um 85% af olíugjaldinu og því eru nettó-áhrif þessarar breytingar um 0,9 mkr. á ári.

Sú gríðarlega ósanngirni ríkir hinsvegar, að mati Strætó bs., að virðisaukaskattur er lagður á olíugjald hjá söluaðila en Strætó fær hann EKKI endurgreiddan við endurgreiðslu á 85% olíugjaldins. Miðað við þær breytingar sem yrðu skv. frumvörpum þessum greiðir Strætó bs. virðisaukaskatt á olíugjald upp á rúmar 45 mkr sem fást ekki endurgreiddar í réttum hlutföllum við endurgreitt olíugjald! Þannig má færa rök fyrir því að Strætó bs. OFGREIÐI virðisaukaskatt fyrir um 38,5 mkr. á ári hverju. Fjármálaráðuneytið túlkar meðferð endurgreiðslu olíugjalds á þennan veg.

Bifreiðagjöld

Bifreiðagjöld hækka um 10% sem hækkar greidd bifreiðagjöld Strætó bs. um u.þ.b. 600 þús kr. á ári.



Virðisaukaskattur

Keypt aðföng er bera virðisaukaskatt nema um 300 mkr. á ári. Hækkun upp á 0,5% þýðir að skatturinn hækkar um u.þ.b. 1,5 milljónir á ári.

X *Þskj. 292 — 256. mál*

Tryggingagjald (atvinnuleysistryggingargjald) -

Tryggingagjald hækkar um 1,6 prósentustig (en ekki 1,6 prósent, eins og nefnt er í frumvarpinu). Launagreiðslur í heildarumfangi rekstrar Strætó bs. nema um 1,5 milljörðum kr. auk launatengdra gjalda um 365 mkr. Því hefur þessi hækkun gjaldsins þau áhrif að launaliður hækkar um u.þ.b. 25 mkr. á ári.

Þskj. 293 — 257. mál

Kolefnagjald (Auðlindaskattur) -

Gjaldið nemur 2,9 kr. á hvern lítra auk 25% virðisaukaskatts. M.v. olíunotkun upp á 3,5 millj. lítra þýðir þetta kostnaðarauka upp á 12,5 mkr. á ári.

Hér er ekki tekið tillit til mögulegra verðbreytinga á gasolíu vegna aukinnar álagningu söluaðila.

Niðurlag

Mikil umræða hefur verið í gangi, m..a. á vettvangi ríkisstjórnarinnar, að mikilvægt sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda – enda er það yfiriðst markmið hennar að gera slíkt og minnka gróðurhúsalofttegundir um allt að 40% á allra næstu árum – að ekki sé minnst á minni svifryksmengun.

Ein mikilvægasta leiðin til þess er að efla almenningsamgöngur enda eru þær í eðli sínu umhverfisvænar og stuðla þarf að aukinni notkun þeirra og þjónustu. Því er hér kjörið tækifæri til að gera miklar bragabætur hér á og gera þær mikilvægu **breytingar á frumvörpunum að (a) fella niður hækkun á olíugjaldi, (b) bifreiðagjöldum og (c) auðlindaskatti á almenningsamgöngur**, eða veita almenningsamgöngufyrirtækjum fulla endurgreiðslu þessara liða. Ennfremur **að fjármálaráðherra og fjármálaráðuneyti beiti sér fyrir því að leiðrétta endurgreiðslu virðisaukaskatts af olíugjaldinu**, sem er í hæsta máta óeðlilegt og ósanngjarn eins og vikið hefur verið að.



Sé mat okkar á þessum skattbreytingum rétt er hér um að ræða umtalsverða hækkun útgjalda vegna almenningssamgangna (sjá töflu hér að neðan).

Gjaldaliður	Áhrif (mkr)
Olíugjald	0,9
Bifreiðagjöld	0,6
Virðisaukaskattur	1,5
Atvinnuleysistryggingagjald	25
Kolefnagjald	12,5
Vísitölubreytingar	??

Vísitölubreytingar

Stór hluti útgjalda Strætó bs. eru aðkeyptur akstur frá verktökum og nema árlegar greiðslur vegna þess um 1,4 milljörðum króna. Aksturssamningar þessir eru verðbættir skv. samsettri vísitölu. Gera má ráð fyrir framangreindar skattahækkanir hafi einhver áhrif á þá þætti sem snerta hina samsettu vísitölu, aðra en þá er að ofan greinir.

Reykjavík, 8. desember 2009

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri